

Fundargerð 77. aðalfundar
SFR stéttarfélags í almannabjónustu
30. mars árið 2016

77. aðalfundur SFR var haldinn að Grettisgötu 89, miðvikudaginn 30. mars 2016, kl. 17:00 - 20:48. 62 félagsmenn skráðu sig á mætingarlista fundarins. (fylgiskj. 7).

Árni St. Jónsson formaður setti fundinn og bauð gesti velkomna. Hann bar upp tillögu um starfsmenn fundarins. Hann lagði til að Ína Halldóra Jónasdóttir og Olga Gunnarsdóttir yrðu fundarstjórar og Guðrún Halldóra Sveinsdóttir og Elín Helga Jóhannesdóttir Sanko yrðu fundarritarar og var það einróma samþykkt með lófaklappi.

Ína Halldóra Jónsdóttir fundarstjóri tók við fundinum og Guðrún Halldóra Sveinsdóttir og Elín Helga Jóhannesdóttir Sanko settust við borð fundarritara.

Fundarstjóri óskaði eftir því að fundargerð síðasta aðalfundar yrði samþykkt enda hafi hún legið frammi á vef SFR, og verið send út í veffréttabréfi, en sú venja hefur skapast að hún er ekki lesin upp. Það var borið undir fundinn og samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla stjórnar (fylgiskjal 1)

Fundarstjóri kynnti því næst til leiks Árna Stefán Jónsson formann SFR sem kynnti skýrslu stjórnar sem birt er hér að neðan (sjá einnig fylgiskjal 1).

Skýrsla formanns fyrir starfsárið 2015-2016

Fundarstjóri, - kæru félagar.

Skýrsla stjórnar SFR fyrir árið 2015-2016 er uppbyggð eins og undanfarin ár. Ýmist er miðað við almanaksárið eða starfsár stjórnar sem er á milli aðalfunda. Tölulegar upplýsingar úr bókhaldi eru miðaðar við almanaksárið en efnislegir þættir eru oftast miðaðir við starfsár stjórnar.

Prentuð ársskýrsla liggur hér fyrir á fundinum og á heimasíðu félagsins, auk þess sem hún er send heim til trúnaðarmanna og fulltrúa félagsins í stjórnnum, ráðum og nefndum. Þá er einnig hægt að hafa samband við skrifstofu félagsins og óska eftir því að fá hana senda. Í þessari ræðu minni mun ég eingöngu nefna einstök stærri atriði starfseminnar en að öðru leyti vísa ég til hinnar prentuðu skýrslu.

Segja má að árið 2015 hafi starf félagsins að stórum hluta snúist um kjaramál.

Kjarasamningur SFR og ríkisins rann út þann 30. apríl 2015. SFR, Sjúkraliðafélag Íslands og Landssamband lögreglumanna snéru bókum saman í kjarasamningaviðræðum og gerð kjarasamninga við ríkið. Kjaraviðræður voru langar og strangar og var deilunni vísað til sáttasemjara þann 1. júní. Í lok september var síðan gengið til atkvæða um boðun verkfalls og verkfallsaðgerðir og var hún samþykkt af miklum meirihluta félagslagsmanna. Verkfall hófst þann 15. október og náði til allra félagsmanna SFR sem starfa hjá ríkinu.

SFR hafði ekki farið í verkfall gagnvart ríkinu síðan stóra verkfallið 1984 eða í 31 ár. Það sem gerði útslagið nú var meðal annars það að við höfum verið forsjál og byggt upp sterkan

verkfallssjóð. Það skipti máli að félagsmenn fundu að verkfallið myndi ekki hafa neikvæð áhrif á fjárhag þeirra og við höfðum því minna að tapa. Samstaða félagsmanna í verkfallinu var með eindæmum góð. Þátttaka í verkfallsvörslunni var góð, samstöðufundirnir og gangan var afar fjölmenn og sýnileiki okkar í verkfallinu var afar mikill.

Mér langar að vitna í skýrslu mína frá því á síðasta ári en þá sagði ég eftirfarandi í lokaorðum mínum:

„Ég held að nú sé komið að því að við stöndum þétt saman og náum í það sem við teljum okkur eiga rétt á miðað við það sem hefur verið að gerast í launaumhverfinu. Við þurfum sterka samstöðu félagsmanna okkar og nú má enginn bregðast. Við í forustunni munum koma nánar að þessu síðar þegar málin fara að skýrast. Þá verða allir að standa á bak við okkur, annars gengur þetta ekki upp“.

Þetta gekk eftir. Félagsmenn hlýddu kalli þegar það kom frá forustunni og stóðu vel á bak við þær aðgerðir sem farið var í.

Mig langar til þess að nota þetta tækifæri til þess að þakka þessa samstöðu, en það var hún sem skilaði okkur því að þann 28. október 2015 var skrifað undir nýjan kjarasamning og verkfalli aflýst. Nýr kjarasamningur var síðan samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta.

Í kjölfar samninga við ríkið fylgdu kjarasamningar við SFV, SÁÁ, Ás-styrktarfélag, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg Rarik og Matís. Svo núna eftir áramótin gengum við frá samningi við Fríhöfnina. Þá höfum við gert kjarasamninga við alla okkar samningsaðila fram til ársins 2019 nema Ísavia en þeir samningar eru lausir á næsta ári.

Niðurstaða kjarasamninganna var góð. Kostnaðarmat þeirra er um 32% og það er orðið ansi langt síðan við gerðum svo góða samninga. Inni í þessari tölu er hækkun á framlagi í orlofssjóðs úr 0,3 í 0,5% sem er verulega góð hækkun.

Árið 2015 einkenndist af mikilli vinnu við gerð kjarasamninga eins og komið hefur fram og undirbúning þeirra. Starfsemi skrifstofu SFR var á síðasta ári skipt upp í ákveðin svið. Skrifstofu- og þjónustusvið, Kjara- og félagssvið og Fræðslu- og kynningarsvið. Markmiðið með þessari uppskiptingu, var að ná betur utan um starfið með því að gera það skilvirkara og auka aðeins meir á sérviðskunnáttu hvers starfsmanns. Þá má einnig geta þess að starfsmannahandbók sem unnið var að er að líta dagsins ljós. Einn starfsmanna okkar hún Berglind Ósk fór í fæðingarorlof í upphafi árs og var Margrét Einarsdóttir ráðin til eins árs til að leysa hana af en Margrét hefur áður unnið hér í húsinu, hjá Styrktar- og sjúkrasjóði BSRB.

Þau gleðilegu tíðindi annað árið í röð er að félagsmönnum SFR er að fjölga. Er það ánægjulegur viðsnúningur eftir verulega fækkun árin á undan vegna m.a. flutning málefna fatlaðra frá ríkinu til sveitarfélaganna. Um áramótin síðustu voru félagsmenn 5340 og hafði fjölgað um 4% milli ára. Rúmlega 71% félagsmanna eru ríkisstarfsmenn 22% félagsmanna

vinna hjá sjálfseignarstofnunum, ríkisfyrirtækjum eða eru í einstaklingsaðild að SFR. Þá hefur meðalaldur félagsmanna einnig lækkað um eitt ár og er nú 46 ár.

Fjöldi félaga í lífeyrisdeildinni eru 1.137 og hefur verið fjölgun á síðustu árum í henni en þó ekki á síðasta ári.

Eins og önnur stéttarfélög innan BSRB heldur SFR kynjabókhald. Á hverju ári er skoðað hvernig hlutföllin milli karla og kvenna eru í stjórnnum, ráðum og nefndum á vettvangi félagsins. Í heildina, þá er skiptingin 38% karlar og 62% konur. Þessi skipting er í ágætu samræmi við hlutfall karla og kvenna í félaginu.

Niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins 2015 voru kynntar 7. maí síðastliðinn í Silfurbergi í Hörpu að viðstöddu fjölmenni. Stofnanir ársins 2015 voru þrjár, ein úr hverjum stærðarflokki. Ríkisskattstjóri var sigurvegari í flokki stórra stofnana. Menntaskólinn á Tröllaskaga var stofnun ársins í flokki meðalstórra stofnana og Héraðsdómur Suðurlands bar sigur út bítum annað árið í röð í flokki minni stofnana. Titilinn Hástökkvari ársins 2015 fengu þrjár stofnanir að þessu sinni en þær hækkuðu sig allar jafn mikið á milli ára. Þetta voru Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum og Minjastofnun Íslands. Þetta er í tíunda sinn sem SFR velur Stofnun ársins en könnunin er unnin af Gallup í samstarfi við VR, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og efnahags- og fjármálaráðuneytið og er ein sú stærsta sinnar tegundar á landinu. Alls fengu tæplega 50 þúsund starfsmenn á almennum og opinberum vinnumarkaði könnunina senda og er val á Stofnunum ársins byggt á svörum tæplega 12.000 starfsmanna hjá ríki og sjálfseignarstofnunum.

Eins og þið hafið eflaust orðið vör við þá hefur staðið yfir núna síðustu vikur val á stofnun ársins 2016. Afhending verðlaunanna fyrir stofnun ársins verður 11. maí næstkomandi í Hörpunni.

Samhliða könnun um stofnun ársins fer fram launakönnun SFR. Sú könnun er einnig gerð í samstarfi við VR og St.Rv. sem er okkur afar verðmætt því þá höfum við betri möguleika til að bera saman laun á milli opinberra starfsmanna og starfsmanna á hinum almenna markaði og einnig laun milli ríkis og borgar. Niðurstöður könnunarinnar 2015 voru kynntar í september síðastliðinn en helstu niðurstöður hennar sýndu að heildarlaun SFR félaga í fullu starfi hækkuðu um 6%. Kynbundinn launamunur minnkaði hins vegar milli ára og mældist 9% en hafði mælst 10% árið 2014. Þetta er þó varla marktækar breytingar. Félagsmenn VR eru enn með tæplega 16% hærri heildarlaun en félagsmenn SFR að teknu tilliti til mismunandi samsetningar hópanna. Hér er líka um litla breytingu að ræða og en þessi launamunur er enn alltof mikill. Vinnuvikan er tiltölulega svipuð hjá félögum þremur eða 44 tímar á vikur hjá VR og St.Rv en 43 tímar á viku hjá SFR.

Félagið á og rekur ýmsa sjóði. Þeir helstu eru Styrktar- og sjúkrasjóður, Starfsmenntunarsjóður, Orlofssjóður og Vinnudeilusjóður SFR. Einnig erum við í samstarfi við Fjármálaráðuneytið um rekstur Þróunar- og símenntunarsjóð SFR (Þrósi). Á síðasta ári var samþykkt að styrkja sérstaklega starfsmenn sem væru að sækja sér nám sem væri hluti af starfsþróunaráætlun viðkomandi eða stofnunarinnar. Þetta var tilraunarverkefni í tvö ár og kemur sérstakur styrkur í Starfsmenntunarsjóðinn frá Þróunar- og símenntunarsjóð SFR vegna þessa. Nú nýlega hefur þetta starf verið tekið út og kom í ljós að styrkurinn frá Þróunar- og símenntunarsjóðnum sem var ekki skilgreindur fyrir fram var mun meiri en áætlað var. Því varð að samkomulagi við stjórn Þrósi að framvegis fengi Starfsmenntunarsjóður fasta upphæð á ári sem fyrir árið 2016 er 27 milljónir.

Alls voru greiddar út rúmlega 88 millj. úr Starfsmenntasjóði félagsins en það er rúmlega 18 milljón krónum meira en 2014. Stærsti hluti styrkjanna var vegna háskólanáms félagsmanna eða tæpar 34,9 milljónir. Þar á eftir koma kynnis- og námsferðir erlendis en alls voru tæpar 24,6 milljónir greiddar í styrki vegna kynnisferða á árinu. Fjöldi afgreiddra umsókna á árinu var 1407 sem er 17% aukning milli ára.

Þegar úthlutaðir starfsþróunarstyrkir eru teknir út fyrir árin 2015 og 2014 kemur í ljós að karlar fá almennt hærri styrki að meðaltali, þannig að þá ályktun má draga að karlar í SFR sæki að meðaltali dýrara nám en konur, en fjöldi karla og kvenna í námi er í takt við hlutfall karla og kvenna í SFR, 68% konur og 32% karlar.

Á árinu voru 4.778 styrkir afgreiddir úr Styrktar- og sjúkrasjóði og nam heildarupphæð styrkjanna rúmlega 134 milljónir sem er heldur minna en árið áður. Flestir styrkirnir fara í Líkamsrækt, Krabbameinsskoðun og sjúkrapjálfun. Hins vegar fer langhæsta upphæðin í sjúkradagpeninga þó að það séu bara 197 einstaklingar sem nutu þeirra styrkja.

Starfsemi Orlofssjóðs var blómleg á árinu eins og endranær en mest fór fyrir endurnýjun húsa í Munaðarnesi sem lauk á árinu. Í október tók við vinna við endurbætur á húsum félagsins í Vaðnesi og er gert ráð fyrir að þeim verði að mestu lokið í júní í ár. Orlofssjóður á nú 32 eignir víða um land en eins og kunnugt er, þá er starfsemi sjóðsins mun víðtækari en kringum þessi sumarhús. Sjóðurinn býður upp á alls konar orlofstilboð á sumrin ásamt því að orlofshúsum er fjölgað töluvert með leiguhúsum.

Eins og ég gat hér í tengslum við kjaramál, þá sömdum við um aukið framlag í orlofssjóðinn úr 0,3 í 0,5%. Þetta er veruleg aukning og ljóst er að á næstunni munum við fara í stefnumótunarvinnu um næstu skref sjóðsins miðað við það fjármagn sem hann hefur nú til ráðstöfunar. Fyrstu skrefin verða hins vegar að fjölga gæludýrahúsum og er stjórn sjóðsins nú þegar farinn að líta í kringum sig að hentugu húsi þar sem gestir geta haft gæludýr með sér.

Í umfjöllun minni um sjóði félagsins vil ég enda á Vinnudeilusjóði. Vinnudeilusjóður sýndi og sannaði gildi sitt í verkfallsaðgerðum okkar á síðasta ári. Það var óneitanlega léttir fyrir

okkur í forustu félagsins að vita af sjóðnum þegar við vorum að hvetja til aðgerða. Að mínu mati er það engin spurning að sterkur verkfallssjóður hafði áhrif á að verkfallið stóð ekki lengur en það gerði. Viðsemjendur okkar vissu að við gátum staðið lengi í lappirnar án þess að það kæmi fjárhagslega niður á félagsmönnum okkar, það var eitt af okkar sterkustu vopnum.

Fræðslustarf félagsins var í miklum blóma á árinu eins og endranær. Fyrst má telja fræðslu fyrir trúnaðarmenn sem m.a. var í formi grunnnámskeiðs SFR og St.Rv. en því var breytt úr þriggja daga námskeiði í tvo og hálfan dag. Á árinu voru haldinn 2 grunnnámskeið og tvö nýliðafræðslunámskeið og voru þau vel sótt. Starfsmenn frá skrifstofu félaganna koma nú meira að kennslunni en áður. Þá sóttu einnig margir trúnaðarmenn sér fræðslu í þrepaskipt námskeið Félagsmálaskóla alþýðu og BSRB á árinu.

Fræðslumorgnar á undan fundum trúnaðarmanna voru á sínum stað en þó heldur færri en áður sem stafaði af miklum önnun við kjarasamningsgerðina.

Flestir þekkja Gott að vita námskeiðin okkar sem ætluð eru fyrir alla félagsmenn og eru haldin í samstarfi við St.Rv. Aðsókn að þessum námskeiðum er alltaf að aukast og hafa fræðslunefndir félaganna reynt er að bjóða upp á einhver ný námskeið á hverri önn, þá hefur verið haft gott samstarf við félög á landsbyggðinni s.s. Kjöl á Akureyri. Á árinu voru haldin 46 námskeið í Reykjavík, Akureyri og Borgarnesi.

Fræðslusetrið Starfsmennt sér um starfstengda símenntun og starfsþróunarverkefni opinberra starfsmanna. Setrið var stofnað 2001 og er í eigu SFR og flestra annarra ríkisstarfsmannafélaga innan BSRB og er rekið í samráði við fjármálaráðuneytið. Starfsárið 2015 var ár breytinga og nýjunga hjá Starfsmennt og voru útgjöld tæplega 120 milljónir. Helstu nýmæli ársins voru þau að setrið flutti í nýtt húsnæði að Skipholti 50b, sem þurfti mikið að lagfæra. Þá var ný vefsíða opnuð sem byggir á öflugum námsvef sem mun styðja vel við nám stofnana og starfsemi setursins.

Eignarhald Framvegis símenntunar sem SFR á hlut í tók breytingum á árinu 2015. Promennt seldi 49% hlut sinn í félaginu í lok sumars. Eigendur Framvegis eru því SFR – stéttarfélag í almannabjónustu (43,14%), Sjúkraliðafélag Íslands (43,14%) og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (13,72%).

Framvegis vinnur í nánun samstarfi við framangreinda aðila, sem og Fræðslusetrið Starfsmennt, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og símenntunarmiðstöðvar um allt land. Í lok árs 2015 undirritaði Framvegis þjónustusamning við Menntamálastofnun um að gerast umsjónar- og hýsingaraðili fyrir starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina. Þá heldur Framvegis einnig utan um framkvæmd Gott að vita námskeiðanna fyrir SFR og St.Rv.

Trúnaðarmannaráð fundaði 8 sinnum á árinu en fjöldi trúnaðarmanna eru tæplega 200. Mæting á fundi ráðsins er yfirleitt mjög góð, auk þess sem fundirnir eru sendir út í streymi fyrir þá sem ekki komast á fundinn. Dagskrá fundanna miðast við það er á döfinni hverju sinni. Meðal gesta sem héldu erindi á fundum trúnaðarmannaráðs á starfsárinu voru Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ sem fjallaði um efnahagsmál, Tómas Bjarnason frá Gallup í tengslum við niðurstöður launakönnunar og Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB sem kom reyndar nokkrum sinnum til okkar á tímabilinu og ræddi m.a. stöðuna í lífeyrismálum.

Framundan er stefnumörkun fyrir starf trúnaðarmanna og trúnaðarmannaráðið. Ástæða þess er meðal annars sú að nú er að myndast sjóður sem á eingöngu að fara í að efla trúnaðarmannastarfið. Í þennan sjóð borga atvinnurekendur 0,1% af heildarlaunum samkvæmt kjarasamningi frá 2014, en þeir hafa nú greitt í sjóðinn í rúmlega eitt ár. Þessi sjóður gaf félaginu m.a. tækifæri til þess að umbuna trúnaðarmönnum með veglegri jólagjöf á síðast ári, eða með gjafakorti upp á 25 þúsund krónur.

Félagsráð SFR fundaði tvisvar á árinu eins og lög gera ráð fyrir, en hlutverk þess er meðal annars að taka fyrir og afgreiða mál sem eru þess eðlis að þurfa ekki afgreiðslu félagsfundar eða stjórnar SFR og stefnumótun fyrir félagið.

Á síðasta aðalfundi var Ólafur Hallgrímsson valinn trúnaðarmaður ársins. Enda hefur hann að mati stjórnar SFR staðið sig afar vel í starfi í þágu félagsins og bera glæsileg orlofshús félagsins meðal annars vitni um það.

Fagfélögin sem starfa innan SFR hafa sum hver verið afar virk á árinu, en félögin sækja þjónustu til skrifstofunnar og fá m.a. aðstoð við útgáfu og skipulagningu viðburða. Það er afar ánægjulegt að fylgjast með starfi fagfélaganna og það er ósk mín að þau muni halda áfram á þeirri braut.

Félagið gaf út 5 tölublöð af Blaði stéttarfélaganna á árinu 2015 í samstarfi við St.Rv.. Þá gáfum við út sérrit um orlofsmál og Stofnun ársins auk ársskýrslunnar. Heimasíðan okkar er afar mikið notuð en á árinu 2015 fengum við rúmlega 242 þúsund heimsóknir á síðuna og er það tæplega 60% aukning frá fyrra ári. Þá jókst umfjöllun um SFR mikið í öllum fjölmiðlum en rekja má þá aukningu í kjarabaráttunni á árinu. Nú stendur yfir endurskoðun og vinna við breytingar á vefnum. Við þurftum að fresta þeirri vinnu í haust vegna anna við kjarasamningsgerð en við vonumst til að ný og betri heimasíða líti dagsins ljós í vor. Á árinu hefur áfram verið unnið að því að ljúka ritun Sögu SFR sem nú hefur staðið yfir í alllangan tíma með hléum. Rituninni sjálfri er nú lokið og unnið er að því að safna myndum í bókina. Gert er ráð fyrir að bókina verði gefin út á árinu.

Ég hef hér á undanförunum árum gert grein fyrir helstu þóknunum og launamálum þeirra sem koma að starfi SFR.

Þeir sem sitja í stjórn félagsins fá greitt fyrir hvern stjórnarfund sem hér segir:

Fyrir hvern fund 10.440 kr. + 50 km sem gerir nú 5.500 kr. = 15.940 kr.

Varaformaður og ritari fá að auki eingreiðslu á mánuði sem er 19.074 kr.

Fyrir setu í stjórnnum sjóða:

Fyrir hvern fund 30 km = 3.300 kr.

Formenn 60 km = 6.600 kr.

Laun formanns og framkvæmdastjóra eru ákvörðuð þannig að stjórn kýs sér launanefnd sem semur við framkvæmdastjórnann um laun hans á hverjum tíma. Til viðmiðunar eru höfð laun SFR félaga í sambærilegum störfum sem við sjáum bæði í launakönnun félagsins og svo í félagsgjöldum einstaklinga til félagsins.

Laun framkvæmdastjóra eru 638.552 þúsund krónur ásamt fastri yfirvinnu, sem er u.þ.b. 10,5 tímar á viku sem gera 285.133 kr. Samanlagt 923.685 kr. Til viðbótar fær hann greitt fyrir akstur 34.980 á mánuði (getur verið breytilegt eftir því hversu hátt kílómetragjaldið er á hverjum tíma). Formaður félagsins tekur mið af þessum launum en fær 16% álag ofan á þau.

Þá að erlendu samstarfi.

SFR hefur verið virkur þátttakandi í NSO sem eru samtök ríkisstarfsmanna á Norðurlöndum síðan 1992. Samtökin hafa um 250.000 félagsmenn innan sinna vébanda en formennska og framkvæmdastjórn róterar milli félaganna á milli ára, eitt ár í senn og er hún nú í höndum Færinga. Á hverju ári er haldin ein glæsileg ráðstefna í því landi sem fer með formenskuna og þar fyrir utan er haldin tveir til þrír formanna- og framkvæmdastjórafundir á ári. Ráðstefna NSO á síðasta ári var haldin Borgo í Finnlandi. Í sumar verðu svo ráðstefnan í Þórshöfn í Færeyjum en á þeirri ráðstefnu tekur Ísland við formennsku og framkvæmdastjórn. Við munum því standa fyrir ráðstefnunni sumarið 2017.

Á árinu var BSRB-þing, en það er haldið þriðja hvert ár. Á þinginu voru alls 239 fulltrúar en SFR sem er stærsta félagið innan samtakanna átti 67 þeirra. Yfirskrift þingsins var Öflug almannabjónusta-betra samfélag. Þetta þing var að mörgu leyti minnisstætt þeim sem tóku þátt. Í fyrsta lagi var skipulag þingsins með öðrum hætti en áður. Meira var unnið í málstofum þar sem allir fulltrúar gátu tekið þátt í umræðunni. Þessi skipan tókst afar vel og var mikil ánægja með þetta nýja vinnuform. Á þinginu var lögum einnig breytt. Stærsta breytingin sem hefur nú ekki farið hátt er að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja heitir ekki það lengur heldur bara BSRB. Stjórnarfyrikomulaginu var einnig breytt verulega og ég held að það verði til mikilla bóta. En að síðustu þá er þingið samninganefnd SFR sérlega minnistætt fyrir þær sakir að við komum þangað beint frá því að skrifa undir nýjan kjarasamning eftir næturvöku. Þó vorum við öll ánægjulega þreytt eftir þá törn sem við vorum búin að standa í.

Félagar, ég vil einnig deila því með ykkur að ég hafði hugsað mér að draga úr starfi mínu fyrir BSRB eftir þetta þing, en ég hef jú verið fyrsti varaformaður BSRB síðan 2006. Sú ætlan mín

tókst svo vel að fyrr en varir var búið að fá mig til að gefa kost á mér eitt kjörtímabil til viðbótar, en það stendur til október 2018.

Eins og ég gat um hér fyrir í ræðunni, þá eru flestir kjarasamningar bundnir til áramóta 2018 – 2019. Maður skildi þá ætla að það gæfist meira svigrúm til að vinna að öðrum málum og að það yrði eilítið rólegra yfir starfinu. En ég held að það sé einhver tálsýn hjá mér. Strax í vor byrjum við að undirbúa upptöku allra stofnanasamninga félagsins, en þeir eru um 160 talsins. Þessari vinnu þarf að vera lokið fyrir júní 2017 þegar við tökum upp nýja og breytta launatöflu. Við sem höfum unnið að álíka breytingum áður vitum að þetta verður mikil vinna og tímafrek.

Opinberir starfsmenn standa líka frammi fyrir einni mestu áskorunum seinni tíma í sínum starfs- og kjaramálum. Í fyrsta lagi er mikil pressa og mikil vinna í gangi um að koma á nýju samræmdu lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn. Til að það takist þurfa opinberir starfsmenn að ná viðundandi samningum við ríki og sveitarfélög um það hvernig fyrirkomulag verður tekið upp gagnvart opinberum starfsmönnum án þess að kjör núverandi starfsmanna skerðist.

Hitt stóra málið er að nú er að fara í gang umræða og vinna við að móta nýtt kjarasamningsmódel sem hefur ákveðna skírskotun til þeirra aðferða sem viðhafðar eru á Norðurlöndum. Fyrsti áfanginn í þeirri vinnu er stór fundur í Hörpunni þann 7. maí næstkomandi þar sem 530 fulltrúar munu hefja umræðuna og móta þetta nýja módel. Í báðum þessum málum verður ekkert ákveðið nema í fullu samráði við félagsmenn okkar. Svo ég hvet ykkur til að fylgjast eins vel og mögulegt er með umræðunni, því kannski fyrr en seinna verðið þið að taka afstöðu til stórra breytinga og flókinna mála.

Þær breytingar hafa einnig orðið að Salóme Guðmundsdóttir fangavörður lét af störfum og hætti í því stjórn félagsins.

Ég vil að lokum þakka starfsfólki félagsins fyrir gott starf og dugnað. Góður starfsandi og samheldni einkenna starfið á skrifstofunni og er það víska mín að sá góði andi styrki félagið okkar enn meir.

Ég þakka gott hljóð

Ína Halldóra Jónsdóttir fundarstjóri þakkaði Árna Stefáni fyrir greinargóða yfirferð. Því næst bauð fundarstjóri Þórarni Eyfjörð framkvæmdastjóra félagsins að stíga í pontu til að kynna ársreikninga.

2. Reikningar félagsins (*fylgiskj. 2, Ársreikningur 2015*)

Þórarinn fór yfir reikningana með hefðbundnum hætti. Hann stiklaði á stóru og benti á að félagið skiptist upp í félagssjóð, orlofssjóð, styrktar- og sjúkrasjóð, starfsmenntunarsjóð og vinnudeilusjóð. Hann byrjaði á félagssjóði.

Félagssjóður (*fylgiskjal 2, bls. 3-14*)

Rekstrarreikningur (*fylgiskjal 2, bls. 5*)

Rekstrartekjur voru samtals á árinu tæpar 213 milljónir og jukust frá fyrra ári. Tekjurnar skiptust þannig að 205,4 milljónir komu inn í félagsgjöld en 7,6 í gegnum fjármunatekjur. Rekstrargjöld eru um 197,5 milljónir, þar af er framlag SFR til BSRB tæplega 52 milljónir króna. Niðurstaða ársins er rekstarafgangur upp á rúmlega 15,5 milljónir

Efnahagsreikningur (*fylgiskjal 2, bls. 6*)

Peningalegar eignir félagssjóðs eru 114,6 milljónir, þar af um 106 milljónir í varasjóði. Aðrar eignir utan fasteigna og skrifstofubúnaðar eru m.a. 19 milljóna eignarhluti í orlofssjóði og útistandandi félagsgjöld. Einir félagssjóð samtals eru 338,7 milljónir.

Skuldir félagssjóðs eru;

Langtímaskuldir, reiknaðar lífeyrisskuldbindingar er 110 milljónir. En þess ber að geta að um 2025 á félagið fyrir öllum lífeyrisskuldbindingum og þær fjara út um 2050.

Skammtímaskuldir tæpar 19 milljónir.

Hrein eign félagssjóðs er tæpar 210 milljónir.

Laun og launatengd gjöld voru 67 milljónir og hafa lækkað frá síðasta ári m.a. vegna lækkunar bifreiðastyrkja sem eru rúmlega 4 milljónir sem og annars kostnaðar. Þá lækkar launakostnaður vegna aðkomu annarra sjóða að launakostnaði.

Kostnaður vegna vinnu við nýja heimasíðu sem og lögfræðikostnaður á síðasta ári var nokkur. Kostnaður vegna funda námskeiða og félagsstarfs lækkaði á milli ára. Kostnaður vegna erlends samstarfs lækkaði, framlag til Gott að vita námskeiða lækkaði og svo lækkaði framlag SFR til lífeyrisdeildarinnar. SFR vill styðja við öflugt félagsstarf lífeyrisdeildar en kostnaður deildarinnar ræðst meðal annars af kostnaði við Jónsmessuferð og viðburðum deildarinnar.

Vinnudeilusjóður tók þátt í kostnaði vegna kjörgagna og kjarasamninga, þátttaka vinnudeilusjóðs vegna kjarasamninga hækkaði á milli ára og fór úr 8 milljónum 2014 í 15 milljónir 2015.

Síðan koma hinir sjóðirnir sem eru fjármagnaðir í gegnum kjarasamninga, ekki félagsgjöld heldur framlag atvinnurekenda.

Þórarinn Eyfjörð fór næst yfir ársreikninga Orlofssjóðs.

Orlofssjóður (fylgiskjal 2, bls. 21-33)

Rekstrartekjur orlofssjóðs voru á árinu rétt rúmlega 165 milljónir, þar af eru iðgjöld 76,5 milljónir. (0,3% framlag atvinnurekenda af heildarlaunum félagsmanna hækkaði með flestum samningum í 0,5% í lok árs 2015), leigutekjur eru rúmar 26,2 milljónir. Rekstrargjöld voru rúmar 85 milljónir og afkoma ársins því tæpar 80 milljónir. Þegar er búið að ráðstafa um helmingi þeirrar fjárhæðar til seinni hluta endurbygginga í Vaðnesi.

Eignir samtals eru 505,4 milljónir sem er bókfært verð, ekki verð á markaði, við eigum 30 eignir, margir halda því fram að markaðsverð eignanna sé hærra.

Langtímaskuldir eru 53,4 milljónir og skammtímaskuldir 26,4 milljónir, þar af fyrir fram innheimtar tekjur sem eru framlag úr samningum við ríkið árið 2014 sem áttu að koma inn í sjóðinn árið 2016. Inngreiðslu var flýtt og féð kom inn í sjóðinn 2015 og í bókhaldsreglum verður að telja þetta sem skuld.

Hrein eign er orlofssjóðs er 425,6 milljónir.

Nýting orlofshúsa var heldur lakari árið 2015 en árið á undan og tekjur lækka frá síðasta ári. Þessa þróun höfum við ekki séð áður en slakt veður síðasta sumar hefur líklega haft sitt að segja.

Þórarinn rakti næst stöðu **Starfsmenntunarsjóðs og Styrktar- og sjúkrasjóðs** (fylgiskjal 2 bls. 39-54) en þeir eru báðir gegnumflæðissjóðir í eðli sínu, þar er miðað við að í sjóðnum sé þó alltaf til ársstreymi. Úthlutunarreglur sjóðanna eru endurskoðaðar árlega.

Starfsmenntasjóður (fylgiskjal 2 bls. 39-44).

Rekstrartekjur voru 92,4 milljónir en rekstrargjöld 92,7 milljónir. Afkoma ársins er 8 milljónir sem skapast af hagnaði af eignastýringu.

Starfsþróunarverkefni 32 milljónir er vegna 1% sem hefur verið fram að þessu greitt inn í starfsmenntunarsjóð en verður til framtíðar sjóður trúnaðarmanna.

Handbært fé er 47,2 milljónir.

Styrktar- og sjúkrasjóður (fylgiskjal 2 bls. 49-54).

Rekstrartekjur voru 177,5 milljónir og rekstrargjöld 145,6 milljónir. Fjármunatekjur voru 8,6 milljónir. Afkoma ársins var því 40,5 milljónir en hún ætti helst að vera nær núllinu. En handbært fé sjóðsins er 26,2 milljónir

Vinnudeilusjóður (fylgiskjal 2, bls. 59-64)

Ekkert iðgjald var til vinnudeilusjóðs 2015 vegna ákvörðunar aðalfundar 2015. Rekstrartekjur voru 2,3 milljónir og rekstrargjöld voru 264,6 milljónir. Fjármunatekjur voru 90,4 milljónir og afkoma ársins því samtals -171,817 milljónir. Eignir sjóðsins eru 1.001,4 milljónir. Lítil rýrnun varð á sjóðnum þrátt fyrir töluverð útgjöld vegna kjarasamninga og útgreiðslu verkfallsbóta

og má þar nefna að ei eignastýringin skilaði yfir 100 m á árinu 2015. Einnig fékk sjóðurinn styrktarframlag 2,3 milljónir frá Landssambandi lögreglumanna og 15 milljónir frá BHM.

Þórarinn þakkaði löggiltum endurskoðanda, Rögnvaldi Dofra, fyrir vel unnin störf og einnig félagslegum skoðunarmönnum reikninga þeim Ínu Halldóru Jónsdóttur og Sigríði Jakobsdóttur.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins

Ína Halldóra Jónsdóttir fundarstjóri þakkaði Þóarni fyrir og opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.

Guðjón Bjarki Sverrisson óskaði skýringa vegna orlofssjóðs (bls. 32) varðandi viðhalds- og viðhaldsvörur í Skálatúni. Sem og hás kostnaðar á rafmagni og hita. Einnig óskaði hann skýringa á háum hitareikningum í Skorradal.

Björn Ingi Bjarnason fangavörður á Litla Hrauni kom með athugasemd vegna ársskýrslu (bls. 27). Þar segir frá aðalfundi Fangavarðafélagsins. Á aðalfundinum var flutt tillaga sem samþykkt var samhljóða af fundarmönnum (*fylgiskjal 8*). Þar kom fram að aðalfundur Fangavarðafélags Íslands skoraði á SFR að taka upp reglufasta viðtalstíma; tvisvar í mánuði, við fangaverði á Litla-hrauni. Björn tók fram að við þessu hefði ekki verið orðið og óskaði eftir efndum.

Ólafur Hallgrímsson kvaddi sér hljóðs og benti á að í ársreikningum varðandi félagssjóð kemur fram að félagssjóður á 19 milljóna eignaraðild að orlofssjóði (bls. 6). Ólafur sagði frá því að þetta á sér 35 ára forsögu allt frá því að stjórn SFR tók ákvörðun um að byggja í Vaðnesi. Og þá tók orlofssjóður lán hjá félagssjóði til framkvæmdanna. Síðan þá hefur þessi skuld við félagssjóð legið inni. Ákveðið í tíð Jens formanns að þetta yrði afskrifað. Það var þó ekki gert og í stað þess var skuldin bókfærð sem eignarhluti félagssjóðs í orlofssjóði. Ólafur telur rétt að þetta verði nú að fullu afskrifað.

Garðar Svansson sagði gott að leita til félagsins vegna sjóða en benti á að þörf er á endurskoðun stofnanasamninga fangavarða en þeir hafa ekki verið endurskoðaðir frá árinu 2007. Þá benti hann á að fulltrúum SFR í stjórn og nefndum hefur fjölgað úr 19 í 24 einstaklinga og að starf félagsins sé á breiðari grunni. Stórt félag á að eiga félagsmenn til að sinna þessum störfum til viðbótar við stjórn og starfsmenn til að sinna trúnaðarstörfum út á við. Hann benti einnig á að fangaverðir sem eru embættismenn hefðu tekið þátt í atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun án þess að hafa verkfallsrétt. Garðar sagðist ekki hrifinn af lagabreytingum. En stjórn og starfsmenn ættu hrós skilið fyrir gott starf. Gefum þeim gott klapp.

Fundarstjóri minnti á mætingarlistann og tók sér leyfi til að fagna því að saga SFR kemur væntanlega út á árinu 2016. Fundarstjóri gaf síðan formanni orðið til andsvara.

Formaður svaraði fyrirspurn vegna aðalfundar Fangavarðafélagsins. Félagið var í byrjun árs 2015 illa starfshæft og óskaði aðstoðar SFR til að koma félaginu af stað aftur. Á aðalfundi Fangavarðafélagsins kom fram þessi ályktun, áskorun til félagsins um að SFR tæki upp viðtalstíma tvisvar í mánuði. Gott að vita til þessarar óskar en ef félagið ætlaði að fara þá leið að taka upp viðtalstíma á öllum stofnunum þá yrði erfitt að standa undir því að manna slíkt. Félagið gat ekki orðið við þessu að svo komnu máli en brýnir fyrir trúnaðarmönnum að óska eftir því að félagið komi á vinnustaðafundi eftir þörfum. Þetta verður tekið til skoðunar aftur. Hvað varðar stofnanasamninga og endurskoðun þeirra þá hefur verið lögð í þessari endurskoðun frá 2008. Það er hægt að fara fram á endurskoðun á tveggja ára fresti en það er ekki skilyrði. Nýir kjarasamningar frá síðasta hausti gera ráð fyrir heildarendurskoðun stofnanasamninga fyrir júní 2017. Margir samninganna orðnir nokkurra ára. Félagið vil fá sem flesta félagsmenn til starfs innan SFR. Takk fyrir.

Fundarstjóri biður framkvæmdastjóra að svara fyrirspurnum varðandi reikninga

Framkvæmdastjóri svarar til varðandi Skálatún (bls. 32) að viðhaldsframkvæmdir skýri breytingar á milli ára. Og einnig má sjá þetta sama á Eiðum og Arnarstapa en kostnaður fer eftir umfangi viðhaldsverkefna. Kostnað vegna hita og rafmagns í Skálatúni má skýra vegna mistaka þar sem í ljós kom að SFR var án vitundar inni á rafmagnsmæli annarrar íbúðar. Þetta var leiðrétt og gert upp. Varðandi Skorradal þá er þetta vegna rafmagnshitunar á heitum potti. Skorradalur er einnig mjög vel nýttur og notkun á rafmagni þar er mikil.

Sigurður Þór Gunnlaugsson skaut að spurningu um það hvaða tjón hefði orðið á Arnarstapa

Framkvæmdastjóri sagði frá því að þar hefði orðið tjón m.a. á skjólvegg vegna veðurtjóns foktjóns. Vonar að þetta skýri málið. Takk fyrir

Björn Ingi Bjarnason kom til andsvara. Hann þakkaði formanni svör og mun flytja fangavörðum svör formanns sem og að erindið sé í jákvæðri skoðun innan SFR. Takk fyrir.

Anna Atladóttir kom í pontu og brýndi fyrir fundarmönnum að tala í hátalarann svo allir heyri.

Fundarstjóri gaf framkvæmdastjóra orðið um **ávöxtun sjóða og eignastýringu.**

Framkvæmdastjóri fór í stuttu máli yfir ávöxtun sjóða og eignastýringu.

Raunávöxtun af sjóðstýringu Arion banka fyrir Félagssjóð, Vinnudeilusjóðs og vegna lífeyrisskuldbindinga var um 4,8%. Arion kemur síst út og SFR hyggst draga úr þjónustu þeirra yfir til þeirra sem gera betur. Ávöxtun Íslandsbanka fyrir Starfsmenntasjóð, Styrktar- og sjúkrasjóð og Vinnudeilusjóð var um 8,3% - 8,9%. Íslensk verðbréf á Akureyri sinna eignastýringarverkefnum fyrir sína viðskiptamenn og koma prýðilega út með raunávöxtun fyrir Þróunar- og símenntunarsjóð og Vinnudeilusjóð á bilinu 6,4% - 7,9%. Landsbankinn er með einn sjóð fyrir Vinnudeilusjóð og raunávöxtun þess sjóðs var 9,3% sem telst góður árangur.

Guðjón Bjarki Sverrisson spurði hvar vinnudeilusjóður sé vistaður.

Framkvæmdastjóri svaraði og sagði eignir sjóðsins vera í verðbréfum og fl.

Ína Halldóra Jónsdóttir fundarstjóri bar upp reikningana SFR upp til samþykktar með handauppréttingu. Þeir voru samþykktir samhljóma og enginn var á móti.

Olga Gunnarsdóttir fundarstjóri kynnti næsta lið á dagskrá sem var lagabreytingar og bauð Ólaf Hallgrímsson í pontu til að kynna þær. Félagsráðsfundur síðastliðins janúarmánaðar gaf stjórn félagsins heimild til að tilnefna í laganefnd og Ólafur sagði frá því að laganefnd væri skipuð þeim Bryndísi Theódórsdóttir frá Vinnumálastofnun, varaformanni SFR, Viðari Erni Axelssyni frá Landhelgisgæslu Íslands/Keflavíkurflugvelli, Ólafi Hallgrímssyni frá Listaháskóla Íslands og Elínu Helgu Jóhannesdóttur Sanko frá Svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi.

4. Lagabreytingar *(fylgiskjal 3)*

Lagabreytingatillögur bárust fyrir aðalfundinn. Þær voru auglýstar í fundarboði og lágu jafnframt frammi á skrifstofu félagsins meira 10 sólarhringum fyrir aðalfund, voru auglýstar í veffréttabréfi og á vefnum.

Ólafur Hallgrímsson fór yfir breytingartillögur sem snúa að:

1. gr. 2. mgr. Viðbót

Í A-hlutanum eru einstaklingar sem aðildarrétt eiga á grundvelli 4 og 5. töluliðs 3. gr. laga þessara.

3. gr. Nýr 5. tl.

5. Einstaklingar sem starfa utan almannþjónustu og eiga ekki aðild að öðru stéttarfélagi.

4. gr. 1. mgr. Viðbót

hjá atvinnurekanda skv. 4. og 5. tl. 3. gr.

5. gr. Ný setning í lok greinar.

Formaður stéttarfélagsins er fulltrúi þess í Trúnaðarmannaráði og Félagsráði SFR. Félagsgjald skiptist milli viðkomandi stéttarfélags og SFR, samkvæmt samkomulagi viðkomandi stéttarfélags og stjórnar SFR.

9. gr. Breyting.

Ekki má sami maður gegna störfum formanns lengur en ~~fjögur~~ fimm kjörtímabil (~~12~~ 15 ár) samfelld.

30. gr. Tillaga að nýrri háskóladeild.

Háskóladeild

Starfrækja skal deild starfsmanna með háskólamenntun. Háskóladeild skipa einstaklingar sem lokið hafa að minnsta kosti háskólamenntun Bachelor gráðu eða sambærilegt og uppfylla eitthvert skilyrði 3. gr.

Deildin setur sér starfsreglur sem öðlast gildi er félagsstjórn hefur staðfest þær. Í þeim skal m.a. kveðið á um tilgang deildarinnar, sem er að fjalla um hagsmuna- og sérmál er varða réttindi og kjör félagsmanna með háskólamenntun. Stjórn Háskóladeildar SFR skal heimilt að kjósa úr sínum hóp fulltrúa og annan til vara sem eiga rétt til setu í trúnaðarmannaráði félagsins og félagsráði. Stjórn deildarinnar skal skila ársskýrslu til stjórnar SFR á hverju ári.

30. gr. Viðbót, nafn á lífeyrisdeild.

Lífeyrisdeild

Ólafur fór yfir og ofantaldar breytingartillögur. Leggur tillögur að lagabreytingum í hendur fundarmanna.

Olga Gunnarstóttir fundarstjóri þakkaði Ólafi fyrir yfirferðina og opnaði fyrir umræður um lagabreytingar.

Formaður SFR steig í pontu til þess að fara yfir ákveðinn atriði sérstaklega varðandi tillögu um breytingar á 5 gr. SFR er stéttarfélag en önnur stéttarfélög geta einnig orðið aðilar að SFR stéttarfélagi. Það hefur gerst áður m.a. árið 1986. Núna er hópur sem hefur farið fram á það að verða stéttarfélag innan SFR ef þau verða að formlegu stéttarfélagi. Því þykir ástæða til að styrkja 5. Gr. laga SFR. Einnig fer hann yfir tillögur um stofnun háskóladeildar í 30. Gr. laganna. Mikilvægt er félaginu að halda utan um þennan háskólahóp. Ríkið hefur verið að háskólavæða ríkisstörf. Við höfum á árunum 2014 og 2015 fengið inn greinar og bókanir í kjarasamning ríkisins til að styrkja SFR félagsmenn í þessari þróun. Þetta er ákveðin tillaga um að það skuli starfrækja háskóladeild. Gerir SFR það auðveldara að taka utan um þennan hóp SFR félaga. Takk fyrir.

Fundarstjóri þakkaði formanni skýringarnar. Því næst tók fundarstjóri fyrir hverja lagagrein fyrir sig og bauð orðið laust

Védís Guðjónsdóttir sagði frá starfi Laganefndar 2014 þegar síðustu breytingar voru gerðar en Védís var þá í laganefnd. Hún sagðist vilja fjalla um 9. greinina. Árið 1990 var gerð bylting eftir að þáverandi formaður hafði gerst þaulsetinn til þess að hleypa nýju fólki inn með reglulegum hætti. Sú lagabreyting fól í sér 6 ára hámarkstíma á setu formanns. Þegar reynsla komst á þótti það þó heldur stuttur tími og í tveimur skömmtum var hámarkstímabil

formanns lengt í 8 ár og svo 10 ár. Einnig þótti æskilegt að stjórnarmenn gætu setið lengur en 6 ár til að nýta reynslu þeirra og þekkingu. Árið 2014 var þetta einnig til umfjöllunar varðandi tímalengd setur formanns og meðvituð ákvörðun tekin um að formaður mætti sitja í 12 ár hið mesta. Tel það hafa verið rétta niðurstöðu og er hugsandi yfir nýrri breytingu.

Sigurður Helgason kom í pontu og tjáði sig um 9. greining. Hann telur heppilegra að halda 9. grein laga SFR óbreyttri. Hann sagði einnig frá því að hann hafi verið tregur að yrkja en þótti Ólafi Hallgrímssyni takast óhönduglega við að kynna lagabreytingarnar og fer því með þessa vísu.

Komst í vanda karlinn sá
Kynningin í molum
Las hann Óli upp lagaskrá
Lenti allt í handaskolum

Anna Atladóttir tjáði sig um 9. greinina og sagði það skoðun sína að það væri flóknara að vera formaður núna en áður m.a. vegna vinnu við stofnanasamninga. Mikið álag sé á formanni og menn þurfa að tileinka sér margar hliðar samningamála. Hún telur lagabreytinguna eiga rétt á sér.

Svanhildur Steinarsdóttir kom fram með tillögu að orðalagsbreytingu varðandi 30. grein. Um háskóladeildina og taka út úr setningunni orðið háskólamenntun.

Háskóladeild skipa einstaklingar sem lokið hafa að minnsta kosti ~~háskólamenntun~~
Bachelor gráðu eða sambærilegt.

Hilmar Ævar Hilmarsson kom með tillögu um að taka úr sömu setningu orðin Bachelor gráðu eða sambærilegt til að hleypa þeim í deildina sem hafa diplómanám á háskólastigi.

Háskóladeild skipa einstaklingar sem lokið hafa að minnsta kosti háskólamenntun
~~Bachelor gráðu eða sambærilegt.~~

Garðar Svansson kom í pontu hann taldi rétt að samþykkja tillögu 30. greinar um háskóladeild óbreyttri. Hann taldi hins vegar ekki þörf á breytingum á 9. grein laganna. Garðar lagði fram tvær breytingartillögur.

Tillaga eitt að vísa frá framkomnum tillögum um breytingu á 9. grein.

Tillaga tvö að fella út út 9. grein setninguna.

Ekki má sami maður gegna störfum formanns lengur en fimm kjörtímabil (15 ár) samfellt.

Fundarstjóri tók við þar sem fram var komin frávísunartillaga. Frávísunartillögu þarf að taka til atkvæða. Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um frávísunartillögu Garðars.

Formaður tók til máls. Kæru félagar varðandi tillögu um breytingu á 9. grein hvað varðar setu formanns þá vona að málið snúist ekki um mig sem persónu. Ég hef áður tilkynnt að nú þurfi að fara að athuga nýjan formann. Hins vegar þegar laganefndin hafði rætt þetta við mig og hafði áhuga á þessu og þegar fram kom á þingi BSRB vilji til þess að ég skuldbindi mig til starfs varaformanns BSRB til 2018. Þá taldi ég þetta rétt það skiptir ekki höfuðmáli með hvort þetta eru 12 eða 15 ár. Ég tel að við eigum að fara í kosningu um tillögu laganefndar og ég vísa í að trúnaðarmannafundur samþykkti tillöguna án mótmæla og athugasemda. Ég tel ekki rétt að vísa tillögunni frá.

Páll Svavarsson tók til máls úr sal og sagði formann að komast á aldur.

Fundarstjóri ítrekaði hvort að einhver vildi taka til máls um frávísunartillöguna.

Ólafur Hallgrímsson kom í pontu og lagði til að tillaga laganefndar yrði afgreidd.

Fundarstjóri bar frávísunartillögu Garðars undir atkvæði.

Einn var samþykkur tillögunni aðrir á móti. Tillagan var felld og umræða um lagabreytingar heldur áfram.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um aðra breytingartillögu Garðars þar sem öll tímamörk á setu formanns eru felld niður.

Ólafur Hallgrímsson kom í pontu og sagðist telja rétt að tímamörk séu á setu formanns.

Elín Brimdís telur rétt að samþykkja tillögu laganefndar um breytingar á 9. grein og telur starf formanns flóknara en það var og rétt að samþykkja tillöguna.

Ína Halldóra Jónsdóttir kemur í pontu vegna umræðu um 9. grein. Hún telur að breytingar 2014 hafi verið gott skref og telur rétt að 9. grein standi óbreytt eins og hún er í dag.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að tjá sig um framkomnar tillögur. Varðandi breytingar á 30. grein Háskóladeild þá liggja fyrir tillögur að orðalagsbreytingu. Tillaga Svanhildur Steinarsdóttur gengur lengra en tillaga laganefndar og tillaga Hilmar gengur skemur en tillaga laganefndar.

Hilmar kemur til andsvara og tekur fram að félagsmenn með diplómagráðu eigi rétt til veru í öðrum stéttarfélögum en SFR.

Bryndís Theódórsdóttir varaformaður SFR kemur í pontu og leggur til að orðalag um Bachelor gráðu eða sambærilegt standi.

Fundarstjóri ber upp tillögu Hilmaris Ævars um að fella út úr 30. grein orðin Bachelor gráðu eða sambærilegt. Einn var með tillögunni, aðrir á móti og tillagan var því felld.

Þá bar fundarstjóri upp tillögu Svanhildar Steinarsdóttur um að fella út úr 30. grein orðið háskólamenntun á undan Bachelor gráðu eða sambærilegt. Einn var á móti tillögunni en aðrir samþykkir og var tillaga Svanhildar samþykkt og orðalagsbreytingin fer inn í breytingartillöguna við lagagreinina.

Olga Gunnarsdóttir fundarstjóri lokar mælendaskrá og tekur tillögur til laganefndar til lagabreytinga til atkvæðagreiðslu.

Tillaga laganefndar um breytingu á 1. gr. 2. mgr. var samþykkt samhljóða, enginn á móti.

Tillaga laganefndar um breytingu á 3. gr. var samþykkt samhljóða, enginn á móti.

Tillaga laganefndar um breytingu á 4. gr. 1. mgr. var samþykkt samhljóða, enginn á móti.

Tillaga laganefndar um breytingu á 5. gr. var samþykkt samhljóða, enginn á móti.

Síðari tillaga Garðars Svanssonar um breytingu á 9. gr. um að fella út setningu er varðandi tímalengd á setu formanns. Einn var með tillögunni aðrir á móti. Tillaga Garðars var felld.

Tillaga laganefndar um breytingu á 9. gr. 31 voru samþykkir tillögunni og 9 voru á móti henni.

Tillagan var samþykkt.

Tillaga um breytingu á 30. gr. tillagan með áorðnum breytingum Svanhildar Steinarsdóttur var samþykkt samhljóða, enginn á móti.

Þá lagði fundarstjóri lögina í heild sinni fyrir fundinn og voru þau samþykkt með meirihluta atkvæða. Einn var á móti. Lögina voru samþykkt.

Matarhlé

Olga Gunnarsdóttir fundarstjóri setur fundinn að nýju eftir matarhlé.

5. Kosnir skoðunarmenn og löggiltur endurskoðandi (fylgiskjal 4)

Fundarstjóri kynnti tillögu að félagslegum skoðunarmönnum og endurskoðanda.

Tillaga um:

Ínu Halldóru Jónsdóttur	Sjúkratryggingar Íslands
Sigríði Jakobsdóttur	Samgöngustofu

Til vara:

Jóhanna Lára Óttarsdóttir	Sýslumaðurinn á Höfuðborgarsvæðinu
Augustin Dufantanye	Reykjavíkurborg

Kosinn löggiltur endurskoðandi:

Rögnvaldur Dofri Pétursson

Tillögur um aðalmenn, varamenn og löggiltan endurskoðenda voru bornar upp og voru þær samþykktar samhljóða.

6. Ákvörðun um iðgjald og skiptingu milli sjóða

Fundarstjóri kynnti næsta dagskrárlið. Árni Stefán kom í pontu og sagði frá því að ekki hefði borist tillaga um breytingu á iðgjaldi og yrði það því óbreytt. Hins vegar ætlar hann að leggja hér fram tillögu um að breyta skiptingu á milli félagssjóðs sem í dag er 0,87% og vinnudeilusjóðs sem er 0,23%. Tillagan er samþykkt samhljóða.

7. Fjárhagsáætlun (fylgiskjal 2, bls. 65)

Fundarstjóri bauð framkvæmdastjóra í pontu til að kynna fjárhagsáætlun.

Þórarinn Eyfjörð framkvæmdastjóri SFR fór yfir fjárhagsáætlun næsta árs. Áætlunin er með hefðbundnum hætti, tekur yfir félagssjóð og orlofssjóð.

Rekstraráætlun félagssjóðs er þannig að innborguð félagsgjöld eru áætluð um 206 milljónir og vaxtatekjur um 6 milljónir sem skiptast þannig að 52 milljón fer til BSRB og rekstrargjöld verða um 151 milljón. Tekjuafgangur er áætlaður um 9 milljónir. Samtals 212 milljónir á báðum liðum.

Tekjur orlofssjóðs eru áætlaðar um 77 milljónir sem skiptast þannig að 65 milljónir fara í rekstur, 7 milljónir í kynningarmál og tækni, 15 milljónir í afskriftir og tekjuafgangur er áætlaður 7 milljónir. Þá bað framkvæmdastjóri afsökunar á villu í texta þar sem í línu á bls. 65 í ársreikningi stendur handbært fé í árslok en þar á að standa viðhaldsverkefni í Vaðnesi.

Fundarstjóri þakkaði framkvæmdastjóra fyrir og gaf orðið laust um fjárhagsáætlun. Enginn bað um orðið og var áætlunin samþykkt samhljóða, enginn var á móti.

8. Ályktanir aðalfundar afgreiddar (fylgiskjal 5)

Fundarstjóri bauð Bryndísi Theódórsdóttur, varaformanni SFR, í pontu og las hún upp tillögur að ályktunum fundarins sem voru fjórar.

Ályktun aðalfundar SFR um kjaramál

Ályktun aðalfundar SFR um stöðu húsnæðismála

Ályktun aðalfundar SFR um almannapjónustu

Ályktun aðalfundar SFR um TISA

Fundarstjóri þakkaði Bryndísi fyrir og opnaði fyrir umræður um fyrirbyggjandi ályktanir.

Jóhanna Þórdórsdóttir kom fram með tillögu að lagfæringu að orðalagsbreytingu um ályktun um almannapjónustu.

Fundurinn gaf skrifstofu SFR umboð til þess að prófarkarlesa ályktanirnar.

Hjördís Árnadóttir innti eftir því hvað verði um ályktanir fundarins.

Formaður kom til svara og útsýrði að með ályktununum sé verið að ná fram vilja félagsins, félagsmanna og að þeim sé dreift til kynningar á fjölmiðlum og vefmiðlum.

Olga Gunnarsstjóri fundarstjóri ber ályktanir upp til samþykktar. Þær voru samþykktar samhljóða.

Fundarstjóri bauð formann SFR í pontu til þess að kynnar val á trúnaðarmanni ársins.

9. Trúnaðarmaður ársins

Árni Stefán Jónsson kynnti val á trúnaðarmanni ársins en formaður telur þennan þátt aðalfundar einn þann skemmtilegastan á aðalfundi. Formaður ræddi mikilvægi góðs trúnaðarmanns og sagði það gulls í gildi að eiga svona góðan einstakling að. Einstakling sem ávallt er fús að koma til aðstoðar, að redda hlutum og viðkomandi vann mikið verk í verkfalli SFR við að vinna úr verkfallsundanþágum og var í samninganefnd félagsins. Formaður kallaði fram Elínu Helgu Jóhannesdóttur Sanko og afhenti henni sem trúnaðarmanni ársins 2015 viðurkenningu félagsins.

Að þessu loknu kynnti fundarstjóri síðasta dagskrárlið fundarins, önnur mál.

10. Önnur mál

Ólafur Hallgrímsson tók til máls. Hann taldi tíma kominn á að fundarlok en lagðir þó til að lokum að fundurinn samþykki að stjórn fái umboð til að skoða það að afskrifa eignarhluta félagssjóðs í orlofssjóði.

Formaður tók undir þetta og taldi rétt að bera tillöguna upp.

Ína Halldóra fundarstjóri opnaði umræðu um þetta mál. Enginn tók til máls. Fundarstjóri bar því tillöguna upp til atkvæða. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og gaf formanni orðið.

Formaður taldi rétt að gefa fundarstjóra gott klapp. Þakkaði fyrir góðan fund og sagðist horfa bjartur fram til næsta árs. Árið geti þó orðið erfitt hvað stofnanasamninga varaðar og mál á vettvangi BSRB. Formaður þakkar riturum og starfsmönnum fundarins fyrir þeirra störf.

Fundargögn

Fylgiskjal 1. Skýrsla stjórnar

Fylgiskjal 2. Ársreikningar 2015

Fylgiskjal 3. Tillaga að lagabreytingum

Fylgiskjal 4. Tillaga að félagslegum skoðunarmönnum og endurskoðenda

Fylgiskjal 5. Ályktanir aðalfundar

Fylgiskjal 6. Mætingarskrá

Fylgiskjal 5. Tillaga aðalfundar Fangavarðafélags Íslands